

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 28. febrúar 2020.

Mál nr. 920/2018:

Hrefna Smith,

Jan Henje,

Katla Smith Henje,

Pétur Kristinn Arason,

Bjarney Ragna Róbertsdóttir,

Berg Framtíð ehf.,

Sólveig Hólmfríður Sverrisdóttir,

Gunnar Eiríksson og

Mildrid Irene Steinberg

(Óskar Sigurðsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg

(Ebba Schram lögmaður,

Theodór Kjartansson lögmaður, 2. prófmál)

Lykilorð

Eignarréttur. Lóðamörk. Afnotaréttur. Hefð.

Útdráttur

H o.fl., eigendur fasteignarinnar B í Reykjavík, höfðuðu mál gegn R til viðurkenningar á því að spilda sem nýtt væri undir gangstétt og bílastæði og lægi með fram suðurhlið fasteignarinnar væri eign þeirra. Byggðu þau einkum á því að þau hefðu öðlast beinan eignarrétt að hinni umdeildu spildu með því að mælingamaður R hefði á grundvelli 3. gr. laga nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, í kjölfar merkjastefnu á árinu 1921, ákveðið stærð og legu lóðarinnar að B í samræmi við aðalkröfu þeirra. Jafnframt var byggt á því að H o.fl. ættu að njóta vafans á því að stærð lóðarinnar og lóðarmörkin væru óljós, enda hefðu þau verið mjög á reiki í gegnum tíðina. Þá studdu H o.fl. aðalkröfu sína því að þau hefðu með óslitnu eignarhaldi á spildunni öðlast eignarrétt að henni fyrir hefð. Í dómi Landsréttar kom fram að í málinu væri ekki að finna nein gögn sem bentu til þess að mælingamaðurinn hefði ritað ákvörðun um merki lóðarinnar að B í lóðamerkjabók samkvæmt 4. gr. laga nr. 35/1914, svo sem honum hefði verið skylt að gera hefði hann tekið slíka ákvörðun eða aðilar verið á eitt sáttir um mörkin, og ekki væri unnt að fallast á það með H o.fl. að færslur í dagbók hans staðfestu að ákvörðun um merkin hefði verið tekin á merkjastefnunni eða í kjölfar hennar. Því yrði eignarréttur að spildunni ekki reistur á ákvörðun mælingamanns. Þá lægi fyrir í málinu að A sem hefði átt lóðina áður, og H o.fl. leiddu rétt sinn frá, hefði verið kunnugt um að hin umdeilda spilda hefði ekki tilheyrt lóðinni. Var því ekki talið að H

o.fl. gætu byggt eignarrétt á spildunni á samþykkt byggingarnefndar R á teikningum sem A lagði fram af húsi sem hann hugðist byggja á lóðinni og sýndu lengri lóðarmerki eða því að lóðin hefði verið talin stærri í fasteignamati frá árinu 1931. Þá var því hafnað að fyrri eigandi, eða H o.fl. sem leiddu rétt sinn frá honum, hefðu getað unnið eignar- eða einkaafnotarétt að spildunni fyrir hefð. Var R því sýknað af kröfum H o.fl.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarinn Jóhannes Sigurðsson, Björg Thorarensen, settur landsréttardómari, og Sigríður Ingvarsdóttir, fyrrverandi héraðsdómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjendur skutu málinu til Landsréttar 19. desember 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 2018 í málinu nr. E-287/2018.
- 2 Áfrýjendur krefjast þess aðallega að viðurkennt verði að spilda, sem afmarkast af línu úr hnitpunkti númer 765 (X22429,8 og Y17490,0) í hnitpunkt númer H1 (X22428,7 og Y17486,1) í hnitpunkt númer 771 (X22456,5 og Y17474,8) í hnitpunkt númer 772 (X22458,5 og Y17481,5) og þaðan í fyrnefndan hnitpunkt númer 765, sé í eigu áfrýjenda. Til vara krefjast þeir þess að viðurkennt verði að sex bílastæði sem liggja að sunnanverðu við lóðina Bergstaðastræti 52, landnúmer 102174, Reykjavík, séu eign áfrýjenda, í eftirfarandi eignarhlutföllum: Hrefna Smith 22,47%, Jan Henje og Katla Smith Henje í sameign 9,76%, Pétur Kristinn Arason og Bjarney Ragna Róbertsdóttir í sameign 17,88%, Berg Framtíð ehf. 11,12%, Sólveig Hólmfríður Sverrisdóttir og Gunnar Eiríksson í sameign 18,69% og Mildrid Irene Steinberg 20,08%. Að því frágengnu krefjast áfrýjendur þess að viðurkennt verði að þeir eigi afnotarétt að fyrrgreindum bílastæðum í þeim eignarhlutföllum sem að framan greinir. Í öllum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Áfrýjendur eru eigendur að fasteigninni að Bergstaðastræti 52 í Reykjavík sem stendur á eignarlóð. Í málinu er deilt um mörk lóðarinnar sem húsið stendur á en áfrýjendur telja að spilda sem nú er nýtt undir gangstétt og bílastæði og liggur frá Bergstaðastræti meðfram suðurhlið hússins við Bragagötu, sé eign þeirra.
- 5 Fyrir liggur að lóðinni Bergstaðastræti 52 var upphaflega úthlutað til Hólmfríðar Gísladóttur 4. ágúst 1902 og var hún þá talin 394 fermetrar að stærð og lengd lóðarmarka 15,7 x 25,1 metrar. Hólmfríður seldi lóðina til Halldórs Briem 12. ágúst 1903. Hinn 10. nóvember 1903 var Halldóri úthlutað 141 fermetra til viðbótar við lóðina og samkvæmt því varð hún þá 535 fermetrar að stærð. Í yfirliti um úthlutanir og eigendaskipti að lóðinni, sem er að finna í málinu, kemur fram að Halldór hafi

framselt lóðina til Guðjóns Sigurðssonar 5. júlí 1904 og telur hann þá lengd lóðarmarka vera 20,4 x 28,26 metra eða lóðina samtals 576,5 fermetra.

- 6 Hinn 1. nóvember 1921 boðaði mælingamaður stefnda til merkjastefnu um lóðina samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Í dagbók mælingamanns um merkjastefnuna kemur meðal annars fram að lóðarmörkin séu af eigendum talin vera 20,4 x 28,2 metrar að lengd. Í framhaldi af framangreindri færslu segir í dagbókinni að lóðin sé „24,6 x 31,5 m“. Í dagbókinni kemur einnig fram að umboðsmaður borgarsjóðs geri kröfu til spildu sem sé neðst á lóðinni. Ekki er um það deilt að þar er um að ræða hluta lóðar næst Laufaásvegi 47 en ekki þann lóðarhluta sem um er deilt í málinu. Á skjali sem er að finna í gögnum stefnda er framangreindri færslu mælingamannsins í dagbókina lýst að hluta. Þar er tekið fram að engin merkjalýsing hafi verið gerð þar sem eigendur hafi sennilega ekki mætt.
- 7 Í handrituðu skjali sem ber fyrirsögnina „fasteignaskrá 1924“ og er að finna í gögnum málsins eru áðurgreindar lóðarúthlutanir frá árinu 1902 og 1903 raktar og lóðin þá talin 535 fermetrar. Jafnframt er þar tekið fram að lóðin sé í fasteignagjaldskrá á árunum 1916 og 1924 talin vera 576 fermetrar. Þar kemur einnig fram að lóðin innan girðingar sé 775,7 fermetrar. Í afriti af útprentaðri fasteignaskrá frá árinu 1924 kemur fram að lóðin sé 768 fermetrar. Þá er miðað við það í fasteignamati frá 1. maí 1931 að lóðin sé 768 fermetrar að stærð.
- 8 Í afsali Guðjóns Gunnarssonar á húseigninni að Bergstaðastræti 52 til Adolfs Smith 18. ágúst 1938 kemur fram að henni fylgi 576 fermetra eignarlóð. Á teikningum frá Adolf sem byggingarnefnd stefnda samþykkti 9. september 1948 er lóðin sögð 576 fermetrar en jafnframt kemur fram á teikningunni að lóðarmörk til austurs séu 24,6 metrar að lengd og lóðarmörk til suðurs séu 22,5 metrar.
- 9 Með bréfi 25. nóvember 1953 óskaði Adolf Smith eftir því við stefnda að fá að kaupa lóðarskika sem lægi að lóð hans að Bergstaðastræti 52 næst Laufásvegi 47. Í bréfinu segir: „Samkv. virðingargjörð dags. 2. okt. 1931, telst lóðareign þáverandi eiganda Bergstaðastrætis 52, 768 m², en í afsali við kaup undirr. á eigninni 576 m². Vænta má að eignarréttur seljanda á spildunni, sem munar 202 m² sé síðan fyrndur og bæjarsjóður teljist nú löglegur eigandi hennar.“ Í uppdrætti af lóðinni sem stimplaður er af lóðarskrárritaranum í Reykjavík 24. nóvember 1953 er lóðin tilgreind 576 fermetrar, en að frádregnum 22,5 fermetra skika sem stendur næst Bragagötu, og er hluti þeirrar spildu sem um er deilt í þessu máli, 553,5 fermetrar.
- 10 Á byggingarnefndarteikningum sem stefndi lagði fram í apríl 1957 og samþykktar voru af byggingarnefnd stefnda 9. maí sama ár er lengd lóðarmarka til austurs tilgreind 24,6 metrar. Á uppdrætti af lóðinni sem gerður er af mælingardeild bæjarverkfræðings í apríl 1960 er lóðin sögð vera 535 fermetrar eins og gögn um útvísun hennar á árunum 1902 og 1903 gæfu til kynna.

- 11 Í málinu liggur fyrir bréf 9. mars 1961 frá borgarlögmanni þar sem hann svarar erindi Páls S. Pálssonar hrl. fyrir hönd Adolfs Smith frá 28. janúar sama ár. Í því kemur fram að Adolf hafi krafist þess að viðurkennt yrði að lóðin væri 576 fermetrar að stærð og að bakmörk hennar lægju að lóðinni að Laufásvegi 47. Samkvæmt gögnum hafði Adolf ítrekað sent stefnda óskir um að fá að kaupa eða leigja þann skika sem stóð næst Laufásvegi 47.
- 12 Á árinu 1963 óskaði Adolf Smith eftir því við stefnda að hann fengi að byggja nýtt hús á lóðinni sem átti að standa meðfram Bragagötu og að hluta til á þeirri spildu sem um er deilt í þessu máli. Svo virðist sem því erindi hans hafi verið hafnað en hins vegar samþykkt á fundi byggingarnefndar stefnda 10. október 1963 að Adolf fengi að byggja hús meðfram Bragagötu utan hinnar umdeildu spildu. Á uppdrætti sem virðist hafa verið lagður til grundvallar ákvörðun byggingarnefndar kemur fram að makaskipti hafi verið gerð á 17,3 fermetra skikum neðst á lóðinni. Lóðin að Bergstaðastræti 52 er þar sögð 535 fermetrar að stærð og lóðarhlutur stefnda sem stóð næst mörkum Laufásvegur 47 sagður 275 fermetrar. Þá kemur fram á uppdrættinum að lóðarmörk til austurs að Bergstaðastræti séu 20,43 metrar að lengd og til suðurs að Bragagötu 26,2 metrar. Þessi lóðarmörk koma einnig fram á byggingarnefndarteikningum sem stefndi samþykkti af nýja húsinu í september 1963.
- 13 Í ársskýrslu gatnamálastjóra stefnda frá aprílmánuði 1967 kemur fram að gangstétt á hinu umdeilda svæði við Bragagötu hafi verið hellulögð og bílastæði malbikuð. Ekki er um það deilt í málinu að stefndi annaðist og kostaði þá framkvæmd.
- 14 Af gögnum málsins má ráða að í janúar 1969 hafi þeim 275 fermetra skika sem stefndi átti milli lóðanna Bergstaðastrætis 52 og Laufásvegur 47 verið skipt á milli eigenda lóðanna tveggja. Við þá breytingu varð lóðin við Bergstaðastræti 590 fermetrar að stærð og lengd lóðarmarka til austurs 20,50 metrar og til suðurs 29,85 metrar. Lóðarblað þetta virðist þó ekki hafa verið lagt til samþykktar fyrir byggingarnefnd eða því verið þinglýst. Bera gögn málsins, þar með talin eignaskiptayfirlýsing sem eigendur Bergstaðastrætis 52 gerðu og byggingarfulltrúi samþykkti 12. mars 2010, með sér að stærð lóðarinnar og mörk séu þau sömu og samþykkt voru í byggingarnefnd stefnda 10. október 1963. Í fasteignaskrá er lóðin nú skráð 535 fermetrar.
- 15 Í málinu liggja fyrir yfirlýsingar frá nokkrum íbúum hússins að Bergstaðastræti og fólki sem starfað hefur í húsinu þar sem fram kemur að um áratuga skeið hafi bílastæði á hinni umdeildu spildu verið merkt einkabílastæði með skiltum utan á húsinu. Staðfestu þessir einstaklingar yfirlýsingar sínar fyrir héraðsdómi. Að auki báru fleiri vitni og málsaðilar á sama veg fyrir héraðsdómi. Áfrýjendur byggja mál sitt á því að bílastæðin á hinni umdeildu spildu hafi verið notuð sem einkabílastæði athugasemdalaust frá árinu 1967 til 2012. Stefndi hafi vegna athugasemda fjarlæggt skiltin árið 2016. Af gögnum málsins má ráða að á árinu 2008 hafi komið fram athugasemdir til stefnda um að stæðin væru merkt einkabílastæði.

Niðurstaða

- 16 Áfrýjendur byggja aðalkröfu sína á því að þeir hafi öðlast beinan eignarrétt að hinni umdeildu spildu með því að mælingamaður stefnda hafi á grundvelli 3. gr. laga nr. 35/1914, í kjölfar merkjastefnu á árinu 1921, ákveðið stærð og legu lóðarinnar að Bergstaðastræti 52 í samræmi við aðalkröfu áfrýjenda. Nánar tiltekið er byggt á því að eftir merkjastefnuna hafi mælingamaðurinn ákveðið með bókun í dagbók sína að austurmörk lóðarinnar sem snúa að Bergstaðastræti væru 24,6 metrar að lengd og suðurmörkin sem snúa að Bragagötu væru 31,5 metrar að lengd. Jafnframt er byggt á því að áfrýjendur eigi að minnsta kosti að njóta vafans á því að lóðarmörkin og stærð lóðarinnar séu óljós, enda hafi þau verið mjög á reiki í gegnum tíðina. Þá styðja áfrýjendur aðalkröfu sína því að þau hafi með óslitnu eignarhaldi á spildunni öðlast eignarrétt að henni fyrir hefð.

Eignarréttur á grundvelli ákvörðunar mælingamanns og annarra staðfestinga stefnda

- 17 Samkvæmt 1. gr. laga nr. 35/1914 ber stefnda að láta mæla allar lóðir og lönd innan borgarmarka og gera uppdrátt af þeim. Í því skyni er ráðinn sérstakur mælingamaður, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, og í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að mælingamaður skuli boða eigendur lóða til merkjastefnu áður en hann ákveður merki lóða. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk á merkjastefnu ber mælingamanni að geta þess í dagbók sinni. Ákvæðið gerir ráð fyrir að ákvörðun þannig færð í dagbók mælingamannsins og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, skuli vera lögfull sönnun fyrir stærð og legu lóðar. Í 3. mgr. 3. gr. er síðan mælt fyrir um að mælingamaður ákveði merki lóðar á grundvelli skýrslna þeirra sem sótt hafa merkjastefnuna og annarra gagna.
- 18 Í málinu er ekki að finna nein gögn sem benda til þess að mælingamaðurinn hafi ritað ákvörðun um merki lóðarinnar að Bergstaðastræti 52 í lóðamerkjabók samkvæmt 4. gr. laga 35/1914, svo sem honum hefði verið skylt að gera hefði hann tekið slíka ákvörðun eða aðilar verið á eitt sáttir um mörkin. Áður er rakið að áfrýjendur telja að færslur í dagbók mælingamanns eftir merkjastefnuna 1921 sýni að tekin hafi verið ákvörðun um merkin þótt honum hafi láðst að rita um þá ákvörðun í lóðamerkjabók. Ekki er unnt að fallast á það með áfrýjendum að færslur í dagbókinni staðfesti að ákvörðun um merkin hafi verið tekin á merkjastefnunni eða í kjölfar hennar. Ber einkum að líta til þess að í dagbókarfærslunni er annars vegar tekið fram að eigendur telji lóðarmörkin vera 20,4 x 28,2 metrar að lengd og hins vegar að lóðin „[e]r“ 24,6 x 31,4 metrar. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að í skjali úr skjalasafni stefnda, sem fjallar um færslu mælingamannsins í dagbókina, er tekið fram að engin merkjalýsing hafi verið gerð þar sem eigendur hafi sennilega ekki mætt til hennar. Enn fremur má sjá í handskrifuðu skjali úr skjalasafni stefnda, sem ber fyrirsögnina „fasteignaskrá 1924“, að lóðin sé í fasteignagjaldskrá á árunum 1916 og 1924 talin vera 576 fermetrar. Þar kemur jafnframt fram að lóðin innan girðingar sé 775,7 fermetrar sem svarar til þeirra lengda á lóðarmörkum sem mælingamaðurinn bókaði í

dagbók sína, 24,6 x 31,4 metrar. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður eignarréttur að spildunni ekki reistur á ákvörðun mælingamanns.

- 19 Fyrir liggur í málinu að Adolf Smith sem átti lóðina áður, og áfrýjendur leiða rétt sinn frá, hafi vitað að lóðin sem hann keypti hafi verið 576 fermetrar, enda ber afsal sem hann byggði rétt sinn á það með sér. Þá krafðist hann staðfestingar stefnda á þeirri lóðarstærð með bréfi 9. mars 1961 auk þess sem hann samþykkti makaskipti á lóðarhlutanum samkvæmt ákvörðun byggingarnefndar stefnda 10. október 1963. Í þeim uppdrætti sem gerður var vegna makaskiptanna var lóðin raunar talin 535 fermetrar að stærð. Í þessu ljósi verður ekki talið að áfrýjendur geti byggt eignarrétt á spildunni á samþykkt byggingarnefndar stefnda á teikningum sem Adolf Smith lagði fram af húsi sem hann hugðist byggja á lóðinni og sýndu lengri lóðarmerki eða því að lóðin hafi verið talin stærri í fasteignamati frá árinu 1931.

Eignar- eða afnotaréttur fyrir hefð

- 20 Áður er rakið að áfrýjendur styðja aðalkröfu sína einnig þeim rökum að þau hafi öðlast eignarrétt að spildunni fyrir hefð. Þá byggja þau varakröfur sínar á því að þeir hafi fyrir hefð öðlast eignarrétt eða að minnsta kosti afnotarétt að þeim sex bílastæðum sem eru á spildunni. Kröfurnar byggjast á því að áfrýjendur og þeir sem þau leiða rétt sinn frá hafi í raun haft óslitið eignarhald á spildunni og bílastæðunum og nýtt þau í fullan hefðartíma eða yfir 50 ár. Þar sem bílastæðin hafi verið merkt einkastæði frá árinu 1967 hafi þau haft einkaafnot af þeim á þessum tíma og þannig útilokað aðra frá notkun þeirra.
- 21 Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð er skilyrði fyrir hefðarhaldi 20 ára óslitið eignarhald á fasteign. Þá kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að ef maður hefur náð umráðum með glæp eða óráðvandlegu atferli vinni hann ekki hefð. Í 3. gr. laganna er mælt fyrir um að til hefðartíma megi telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri ef eignarhaldið hefur löglega gengið frá manni til manns. Í 7. gr. laganna segir að notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapi afnotarétt. Á áfrýjendum hvílir sönnunarbyrði um óslitið eignarhald á spildunni og bílastæðunum sem á henni hafa verið frá árinu 1967.
- 22 Fullyrðing áfrýjenda um löng einkaafnot af bílastæðunum er studd yfirlýsingum sem liggja fyrir í málinu og framburðum vitna fyrir héraðsdómi. Auk þess sýna myndir sem liggja fyrir í málinu að skilti hafi verið á húsinu fyrir framan bílastæðin með áletruninni „Einkabílastæði Bergstaðastr. 52“. Ráða má af vitnisburði sumra vitnanna að eigendur hússins hafi ekki framfylgt einkaafnotum með því að láta draga í burtu bíla sem óviðkomandi aðilar höfðu lagt í stæðin.
- 23 Bílastæðin sem um ræðir eru ekki sérstaklega afmörkuð með girðingu eða öðrum hindrunum. Stæðin liggja beint út af Bragagötu að gangstétt sem liggur meðfram húsinu niður götuna og ekki er sýnilegt að þau séu inni á afmarkaðri lóð Bergstaðastrætis 52. Ljóst er að útilokað er fyrir áfrýjendur að sanna að ekki hafi aðrir

lagt í stæðin í gegnum tíðina en eigendur hússins eða aðilar á vegum þeirra. Þá er ekki sannað í málinu að merkingarnar hafi í raun útilokað aðra frá nýtingu stæðanna, svo sem þá sem áttu erindi í nærliggjandi hús. Auk þess er gangstétt á milli bílastæðanna og hússins til notkunar fyrir almenning. Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að bílastæðin og gangstéttin séu hluti af almannarými í borginni sem er til notkunar fyrir allan almenning. Ekki verða gerðar strangar kröfur til borgaryfirvalda um að þau hafi virkt eftirlit með því hvort aðilar hafi seilst til réttinda sem tilheyra almannarými í borginni. Skortur á slíku eftirliti verður að minnsta kosti ekki eins og hér stendur á talinn fela í sér samþykki fyrir eignarhaldi eða einkaafnotarétti umfram aðra.

- 24 Áður er rakið að Adolf Smith, fyrrverandi eiganda fasteignarinnar að Bergstaðastræti 52, var kunnugt um að umdeild spilda hefði ekki tilheyrt lóðinni þegar húsið sem þar stendur nú var byggt. Hið sama gildir um þá aðila sem skrifuðu undir eignaskiptayfirlýsingu árið 2010 sem áður er getið. Þá verður að leggja til grundvallar að eigendur fasteignarinnar hafi mátt vita að stefndi hafi malbikað bílastæðin og lagt gangstéttarhellur á hinni umdeildu spildu. Með því að hlutast til um að bílastæðin væru merkt einkabílastæði frá árinu 1967 hefur þáverandi eigandi fasteignarinnar reynt að ná til sín réttindum sem hann mátti vita að tilheyrðu honum ekki. Við þessar aðstæður gat hvorki fyrri eigandi né áfrýjendur sem leiða rétt sinn frá honum unnið eignar- eða einkaafnotarétt að spildunni fyrir hefð.
- 25 Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er hafnað aðalkröfu áfrýjenda um eignarrétt að spildunni á grundvelli ákvörðunar mælingamanns eða annarra gagna sem áfrýjendur byggja á að staðfesti afstöðu stefnda til lóðarmarkanna. Þá er einnig hafnað málsástæðum áfrýjenda til stuðnings kröfum þeirra sem byggjast á því að þeir hafi unnið eignar- eða einkaafnotarétt að spildunni fyrir hefð. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda af kröfum áfrýjenda og að málskostnaður falli niður í héraði.
- 26 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Rétt endurrit staðfestir

Gjald: 2.100 kr.



